

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

30. júní 2025
UOS2501691/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. júní 2025 – Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður ID 152

Þann 30. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arnarlax ehf. í Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin opin frávik voru við eftirlit.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili var minntur á gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. **Gr. 3.12 í starfsleyfi.** Við geymslu efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Það vantaði lekabyttu undir olíutunnu á prammanum í Tálknafirði.
2. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili hefur ekki fengið tilkynningu vegna útsetningar seiða í Vatneyri.
3. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Niðurstöður um vöktun eldissvæða þurfa að liggja fyrir áður en seiði eru sett út í kvíar og sent til eftirlitsaðila með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara fyrir útsetningu. Frávikinu er lokað þar sem skýrslan hefur borist eftirlitsaðila.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. september 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Teymi eftirlits